

REGLUGERÐ um upptöku ólöglegs sjávar afla.

1. gr.

Ólöglegur sjávarafli er sá afli eða hluti afla:

1. sem ekki nær lágmarksstærð þeirri, sem ákveðin er í lögum, reglugerðum eða sérstökum veiðileyfum.
2. sem umfram er ákveðinn hámarksafla, sem bátum er settur.
3. sem aflað er með ólöglegum veiðarfærum.
4. sem aflað er á svæðum þar sem viðkomandi veiðar eru bannaðar eða án þess að tilskilin veiðileyfi séu fyrir hendi.
5. Sem aflað er utan leyfilegra sóknardaga, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 97/1985, um stjórn fiskveiða 1986—1987.

2. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið úrskurðar hvort um ólöglegan sjávarafla er að ræða, magn hans og andvirði.

Úrskurður ráðuneytisins skal vera skriflegur og rökstuddur og byggja á upplýsingum Ríkismats sjávarafurða, veiðieftirlitsmanna ráðuneytisins og öðrum tiltækum sönnunargögnum.

Leiki vafi á um magn ólöglegs sjávar afla er ráðuneytinu heimilt að áætla það eftir tiltækum gögnum.

Úrskurð um upptöku ólöglegs sjávar afla skal tilkynna bæði seljanda og kaupanda með ábyrgðarbréfi svo fljótt sem unnt er.

3. gr.

Við verðlagningu á upptökuandvirði ólöglegs sjávar afla skal ráðuneytið miða við gildandi fiskverð Verðlagsráðs sjávarútvegsins, þegar sala fer fram. Verði hinn ólögmæti afli ekki heimfærður til einstaks verðlagstímabils, svo sem þegar fiskiskip fer yfir árlegt heildaraflamark eða leyfilegan sóknardagafjölda, skal miða við meðalverð á almanaksárinu.

Þegar ólöglegur sjávarafli er seldur erlendis skal miða upptökuandvirði við söluverð í erlendri höfn umreiknað á skráðu kaupgengi í íslenskri mynt, að frádregnu kostnaðarhlutfalli, sem ráðuneytið ákveður.

4. gr.

Ráðuneytið getur innheimt andvirði hjá seljanda eða kaupanda eftir því sem við á hverju sinni.

Kærufrestur til sjávarútvegsráðuneytisins er 30 dagar frá dagsetningu úrskurðar og skal skriflegum athugasemdum, ef einhverjar eru, komið á framfæri við ráðuneytið innan þess tíma.

5. gr.

Sé andvirði ólöglegs sjávarafla ekki greitt innan 30 daga frá lokum kærufrests reiknast dráttarvextir á skuldina í samræmi við 5. gr. laga nr. 58/1960 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Ráðuneytinu er heimilt að svipta viðkomandi skip heimild til veiða í tiltekinn tíma vegna vanskila.

Úrskurði ráðuneytisins má fullnægja með aðför hafi andvirði upptöku ekki verið greitt innan 60 daga frá lokum kærufrests.

6. gr.

Úrskurðum ráðuneytisins má vísa til meðferðar sakadóms, en málskot frestar því ekki að ráðuneytið geti innheimt andvirði þess ólöglega afla sem það gerir upptækan.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla og laga nr. 97 20. desember 1985, um stjórn fiskveiða 1986—1987 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. maí 1986.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinnsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 445/1978, um flokkun eiturefna
og hættulegra efna, með síðari breytingum.**

1. gr.

Ný efni á lista III. í 2. gr. reglugerðar nr. 445/1978, með síðari breytingum:

NATRÍUMPERKARBÓNAT.

NATRÍUMSÚLFÍT.

NATRÍUMBÍSÚLFÍT.

NATRÍUMSILÍKÖT, þar á meðal METASILÍKAT, með bæsna (basíska) verkun í lausn.

DÍ- og TRÍKLÓRÍSÓCÝANÚRSÝRA.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 2. gr. laga nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. apríl 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.